



Skurðaðgerð á hálsslagæðum

Í aðgerðinni eru slagæðar á hálsi opnaðar og hreinsaðar að innan til að minnka hættu á blóðsegareka (blóðtappa) til heila í framtíðinni.

Fyrir aðgerðina er mikilvægt að borða næringarríkan mat og einnig er öll hreyfing af hinu góða.

Blóðþynningarlyf

Þeir sem taka inn blóðþynningarlyfið hjartamagnýl (magnýl) eiga að halda því áfram fram að aðgerð. Hætta ber töku annarra blóðþynningarlyfja í samráði við sérfræðinga æðaskurðeildar.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn vítamín og steinefni.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun er skaðleg æðum, minnkar langtíma árangur æðainngripa og eykur líkur á fylgikvillum eftir aðgerð svo sem lungnabólgu, sýkingu í skurðsvæði og að skurðsár grói seint. Eindregið er mælt með að hætta alveg allri tóbaksnotkun.




Nauðsynlegt er að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð.

Hjúkrunarfræðingur hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“, veitir aðstoð við

að hætta og eftirfylgni í 12 mánuði. Netfang ráðgjafarþjónustu er www.8006030.is og sími 800 6030. Starfsmenn spítalans geta aðstoðað við að panta ráðgjöf. Einnig er bent á www.reyklaus.is og www.landlaeknir.is.

Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar geta aðstoðað við að fá heimilishjálp og/eða heimahjúkrun ef þörf er á. Einnig er hægt að leita til félagsráðgjafa um það sem snýr að félagslegum réttindum og þjónustu.



Undirbúningur fyrir aðgerð

Innskrift

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð á göngudeild skurðlækninga B3 á Landspítala í Fossvogi. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort. Þar fer fram viðtal við hjúkrunarfræðing, lækni æðaskurðeildar og svæfingalækni. Spurt verður um heilsufar, gerð lækni skoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskriftin taki 3–4 klukkustundir og fyrir hana þarf að greiða.

Rannsóknir

Tekið er blóðsýni og hjartalínurit ef þörf er á.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru. Svæfingalæknir metur hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1–2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.

Sturta með sóttþreinsandi sápu

Nauðsynlegt er að fara í sturtu kvöldið fyrir aðgerð og nota sérstaka sóttþreinsandi sápu sem er afhent í innskriftarviðtali. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, fördunarvörur, naglalakk, ilmefni eða skartgripni eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum. Skipta þarf á rúmfötum áður en farið er í sturtuna.

Annar undirbúningur

Gott er að hafa með á spítalann snyrtivörur, tannbursta, inniskó, slopp, þægileg föt og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

Aðgerðardagur

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi að morgni aðgerðardags.

Á deildinni er aftur farið í sturtu og notuð sóttþreinsandi sápa. Fyrir aðgerðina þarf að vera búið að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf og slakandi lyf í töfluformi sem verka í og eftir aðgerð. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina.

Aðgerðin getur tekur tvær klukkustundir. Sjúklingur er vakandi en deyfður á hálsi og róandi lyf gefin. Lök eru lögð yfir aðgerðarsvæðið þannig að sjúklingurinn sér ekki skurðlækninn en getur séð og talað við svæfingalækninn. Skurður er lagður frá eyrnasnepli niður eftir hálsi, æðar opnaðar og hreinsaðar að innan og lokað með saumi eða bót af gervíæð. Stundum er lagður kerfi (grönn plastslanga) við skurðinn sem er fjarlægður næsta dag.

Skurðlæknir hefur samband við aðstandanda að aðgerð lokinni ef þess er óskað. Gott er að einn aðili úr fjölskyldunni sé tengiliður við sjúkrahúsið.

Eftir aðgerð tekur við dvöl á vöknunardeild yfir nótt, þar sem fylgst er náið með líðan sjúklings. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild en nánasta aðstandanda er velkomið að hringja og fá upplýsingar um líðan. Næsta dag flyst sjúklingur á legudeild.

Verkir

Yfirleitt eru ekki miklir verkir eftir þessa aðgerð. Sjúklingur metur styrk verkja samkvæmt verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita ef ber á slæmum höfuðverk fyrstu dagana eftir aðgerð. Markmið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt. Verkjalyf eru gefin eftir þörfum.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir				Miklir verkir		Gríðarlegir verkir

Matur og drykkur

Borða má og drekka þegar komið er aftur á deildina. Mikilvægt er að láta vita ef erfitt er að kyngja.

Þvaglát

Eftir svæfingu getur borið á þvagtrengðu og því er mikilvægt að reyna að þissa fljótlega eftir komu er á deild. Ef ekki gengur að þissa eða lítið kemur af þvagi þarf að láta vita.

Skurðsár

Skurðsári er lokað með málmheftum eða saumum. Ef kerfi var lagður í aðgerð er hann fjarlægður daginn eftir. Plástur er fjarlægður á öðrum degi eftir aðgerð.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og minnka hættu á blóðsegamyndun. Óhætt er að fara fram úr daginn eftir aðgerð og munu starfsmenn deildar aðstoða við það.

Andleg líðan

Búast má við breytingum á andlegri líðan í tengslum við veikindi. Starfsfólk er reiðubúið að ræða við sjúkling og fjölskyldu um líðan þeirra. Einnig er hægt að fá viðtal við prest, djákna eða sálfræðing.

Fylgikvillar

Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerðina, getur það lengt sjúkrahúsdvölinu. Helstu fylgikvillar sem geta komið upp eru sýking í skurðsári, blæðing í skurðsvæði, dofi í húð á hálsi, höfuðverkur, skert sjón eða lamanir.

Fylgikvillar

Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerðina, getur það lengt sjúkrahúsdvölinu. Mögulegir fylgikvillar eru til dæmis dofi á háлssvæði, öndunarerfiðleikar vegna blæðingar, blóðsegarek til höfuðs með lömum eða sjón-, tal- eða skyntuflun.

Útskrift

Útskrift er áætluð 1 - 3 dögum eftir aðgerð.

Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- útskriftarfræðslu
- rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum
- endurkomutíma hjá æðaskurðlækni
- útprentað lyfjakort með lista yfir þau lyf sem á að taka

Símanúmer

Göngudeild skurðlækninga B3 (innskrift)	543 2060
Dagdeild A5, opin virka daga kl. 7 til 22	543 7570
Æðaskurðeild A4	543 7354
Vöknunardeild	543 7905
Læknaritari æðaskurðeildar	543 7464

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
SKURDLÆKNINGASVIÐ
SEPTEMBER 2017
LSH-630

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR OG DEILDARSTJÓRI
ÆÐASKURÐEILDAR

HÖNNUN:
SAMSKIPTADEILD